

Fundur stjórnar 4. apríl 2022. Fundur haldinn í Síðumúla 15 klukkan 16:30.

Mættir; Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Guðný Rut Isaksen sat fundinn. Daníel Örn ritaði fundargerð.

Dagskrá

Nordisk Kennel Union

Fundurinn var haldinn dagana 28. -29. mars síðastliðinn í Reykjavík.
Upplýsingar frá fulltrúum félagsins sem sátu fundinn.

Erindi frá Cavalierdeild

Guðný áframsendi erindi deildarinnar, um breytingu á heilbrigðiskröfum fyrir cavalier king charles spaniel. Ræktunar- og staðlanefnd tók erindið fyrir á sínum nýafstaðna fundi, en nefndin óskar eftir álit vísindanefndar. Erindið sent til vísindanefndar.

Erindi frá Chihuahuaeild, og félagsmönnum.

Stjórn Chihuahuaeildar óskar eftir að hundar af litarafbrigðinu merle, og hundar undan hundum af litarafbrigðinu merle, verði settir í ræktunarbann við umskráningu í ættbók. Erindi hafa borist frá félagsmönnum sömuleiðis vegna málsins. Erindi komu frá félagsmönnum sem einnig voru send á stjórn chihuahuaeildar. Erindi barst sömuleiðis frá stjórn chihuahuaeildar 2.4.22. Erindið er áframsent til afgreiðslu og umsagnar ræktunar- og staðlanefndar.

Erindi frá félagsmanni

Undanþágubeiðni frá félagsmanni vegna lámarksaldurs rakka við þörun. Umræða hefur skapast milli stjórnarmanna milli funda en ekki komin niðurstaða. Erindið barst 27.3.22. Erindið áframsent vísindanefnd til afgreiðslu og umsagnar.

Húsnæðisnefnd

Fundur með nefndinni klukkan 17:00. Fulltrúar húsnæðisnefndar kynntu samantekt fulltrúaráðsfundar um húsnæðismál félagsins, óskir, væntingar og hugmyndir félagsmanna.

Önnur mál

Ósk um veitingu dómararéttinda.

Formaður dómararáðs fuglahundadómara sendi erindi um samþykki á veitingu fuglahundadómara réttinda til Einars Kalda Arnar Rafnssonar. Stjórn samþykkir veitingu réttindanna og óskari Einari til hamingju. Erindið barst 4/4 22.

Aðalfundur félagsins.

Næsti fundur áætlaður 19. apríl klukkan 17:00

Fundi slitið klukkan 19:00